

Yfirlýsing um ábyrgar fiskveiðar

Árið 2007 var yfirlýsing sett fram af ábyrgum aðilum í íslenskum sjávarútvegi, sjávarútvegsráðherra, Hafrannsóknastofnuninni, Fiskistofu og Fiskifélagi Íslands. Yfirlýsingin er liður í því að koma á framfæri upplýsingum um íslenskan sjávarútveg og hvernig unnið er að því að tryggja ábyrgar fiskveiðar og umgengni um vistkerfi hafsins umhverfis Ísland. Yfirlýsingunni er beint til allra þeirra sem er umhugað um ástand fiskistofna og ábyrgar fiskveiðar, sér í lagi þeim fjölmörgu aðilum sem kaupa og neyta íslenskra sjávarafurða.

1. Íslenskar fiskveiðar eru ábyrgar fiskveiðar

Sjávarútvegur er ein af meginstoðum íslensks hagkerfis. Ábyrgar fiskveiðar á Íslandsmiðum eru forsenda þess að íslenskur sjávarútvegur verði áfram öflugur þáttur í atvinnulífi Íslendinga og meginstoð í vöruútflutningi landsmanna.

Á Íslandi hefur verið byggt upp fiskveiðistjórnunarkerfi til að tryggja ábyrgar fiskveiðar sem fela í sér viðhald fiskistofna og góða umgengni um vistkerfi hafsins. Stjórnun fiskveiða á Íslandi byggist í aðalatriðum á víðtækum rannsóknum á fiskistofnum og vistkerfi hafsins, ákvörðunum um veiðar og afla á grundvelli vísindalegrar ráðgjafar og öflugu eftirliti með veiðum og heildarafla. Þetta eru þær meginstoðir íslenskrar fiskveiðistjórnunar sem ætlað er að tryggja ábyrgar fiskveiðar og viðhald auðlinda hafsins til framtíðar.

2. Aflamarkskerfið er hornsteinn fiskveiðistjórnunarkerfisins

Aflamarkskerfið er hornsteinn íslenska fiskveiðistjórnunarkerfisins. Aflamarkskerfinu er ætlað að takmarka heildarafla þannig að ekki sé veitt meira úr fiskistofnum en stjórnvöld heimila hverju sinni.

Aflamarkskerfið byggir á aflamarki sem er úthlutað til einstakra skipa. Hverju skipi er úthlutað tiltekinni hlutdeild af leyfðum heildarafla tegundar. Aflamark skips á hverju veiðitímabili ræðst þannig af leyfðum heildarafla viðkomandi tegundar og hlutdeild skipsins í þeim heildarafla. Aflamarki má skipta og framselja á önnur skip með nokkrum takmörkunum.

3. Mat á stofnstærðum og veiðiráðgjöf í samræmi við alþjóðleg viðmið

Mat á stofnstærðum og vísindaleg veiðiráðgjöf er megin-grundvöllur ákvörðunar stjórnvalda um leyfðan heildarafla hvers árs.

Á Íslandi sér Hafrannsóknastofnunin um rannsóknir á nytjastofnum sjávar og veitir stjórnvöldum ráðgjöf um veiði. Hafrannsóknastofnunin er sjálfstæð stofnun sem heyrir undir sjávarútvegsráðuneytið og er helsta rannsóknastofnun landsins á sviði haf- og fiskirannsókna.

Mat á stofnstærðum byggist á kerfisbundnum rannsóknum á stærð og ástandi fiskistofna og vistkerfi hafsins. Virkt samstarf við alþjóðlegar vísindastofnanir tryggir að stuðst er við alþjóðlega viðurkenndar rannsóknaraðferðir sem leiða til bestu fánlegra upplýsinga um ástand fiskistofna umhverfis landið hverju sinni.

Áður en ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar um heildarafla er birt ár hvert, er mat stofnunarinnar á stærð og ástandi helstu fiskistofna lagt fyrir nefndir Alþjóðahafrannsóknarráðsins (ICES). Einnig er samráð haft við aðrar fjölþjóðlegar stofnanir, s.s. NEAFC og NAFO, þegar um er að ræða deilsitofna. Samstarf við alþjóðastofnanir á þessum vettvangi tryggir að Hafrannsóknastofnunin vinnur í samræmi við kröfur sem standast alþjóðleg viðmið.

4. Ákvörðun um leyfilegan afla byggist á vísindalegum grunni

Sjávarútvegsráðherra ákveður leyfilegan heildarafla hvers árs fyrir hverja fisktegund. Vísindalegt mat á ástandi fiskistofna og vistkerfis er megingrundvöllur ákvörðunar um leyfilegan heildarafla hvers árs.

Samræmi milli vísindalegrar veiðiráðgjafar og ákvörðunar stjórnvalda um leyfilegan hámarksafla er grundvallaratriði til að tryggja ábyrga stjórnun fiskveiða. Ákvarðanir stjórnvalda um hámarksafla taka mið af samfélagslegum og efnahagslegum þáttum en ávallt með það að leiðarljósi að viðhald fiskistofna til langs tíma sé tryggt. Íslensk stjórnvöld hafa framfylgt nýtingarstefnu sem hefur það að markmiði að tryggja sjálfbærar veiðar til lengri tíma litið.

5. Öflugt eftirlit með framkvæmd veiða og veiddum afla

Öflugt eftirlit er órjúfanlegur hluti ábyrgrar fiskveiðistjórnunar og tryggir að veiddur afli á Íslandi sé í samræmi við leyfilegan hámarksafla hvers fiskveiðiárs.

Fiskistofa annast framkvæmd laga og reglugerða um stjórnun fiskveiða á Íslandi og er ábyrg fyrir eftirliti með fiskveiðum og fiskvinnslu. Fiskistofa er opinber stofnun sem heyrir undir sjávarútvegsráðuneytið. Allar veiðar í atvinnuskyni eru háðar leyfi frá Fiskistofu.

Allur afli sem kemur að landi er vigtaður af löggiltum vigtunarmanni við löndun. Að vigtun lokinni skrá viðkomandi hafnaryfirvöld aflann í miðlægan gagnagrunn Fiskistofu, sem tryggir stöðuga yfirsýn yfir aflaheimildastöðu einstakra fiskiskipa og hversu mikið hefur verið veitt af leyfðum afla. Eftirlitsmenn Fiskistofu fylgjast með því að rétt sé að málum staðið við vigtun og skráningu afla. Til að tryggja gegnsæi eru upplýsingar um aflaheimildir hvers skips og notkun þeirra uppfærðar reglulega og gerðar opinberar og öllum aðgengilegar á vefsíðu Fiskistofu eins og mælt er fyrir um í lögum.

Víðtækt eftirlit er með veiðarfærum, samsetningu afla og meðferð hans um borð í veiðiskipum. Eftirlitsmenn hafa aðgang að afladagbókum sem tilgreina veiðistað, veiðidag, veiðarfæri og aflamagn. Leiði eftirlit í ljós að mikið af smáum fiski eða seiðum sé á miðunum getur Hafrannsóknastofnunin tafarlaust lokað viðkomandi svæðum tímabundið.

Landhelgisgæslan sem heyrir undir dómsmálaráðuneytið, fylgist með veiðum skipa á Íslandsmiðum og svæðum sem lokað eru fyrir veiðum. Þá hefur hún eftirlit með veiðarfærum, t.d. möskvastærð í netum.

6. Áreiðanleiki upplýsinga um veiddan afla tryggður

Árangur eftirlits með veiðum og afla endurspeglast m.a. í því að gott samræmi er milli leyfilegs afla og raunverulegs afla á hverju ári.

Öllum þeim sem kaupa og/eða selja afla er skylt að skila skýrslum til Fiskistofu með upplýsingum um kaup, sölu og aðra ráðstöfun afla. Komi fram misræmi milli upplýsinga í ráðstöfunarskýrslum og

upplýsinga frá hafnarvogum í gagnagrunni Fiskistofu, er gripið til aðgerða þegar tilefni er til. Þannig fást með óháðum samanburði upplýsingar um nákvæmni gagna um landaðan afla.

Gott samræmi er milli upplýsinga Fiskistofu um afla og upplýsinga um heildarútflutning sjávarafurða sem skráðar eru á öðrum vettvangi. Þetta samræmi sýnir að upplýsingar um veiðar eru áreiðanlegar.

7. Ströng viðurlög við brotum á fiskveiðistjórnunarlöggjöfinni

Brot á lögum og reglum um stjórn fiskveiða varða sektum eða sviptingu veiðileyfis, hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot geta varðað fangelsi allt að 6 árum.

Ef afli skips er umfram þær aflaheimildir sem viðkomandi skip hefur í einstökum tegundum, þarf útgerð skipsins að verða sér úti um viðbótaraflaheimild fyrir viðkomandi fisktegund. Ef það er ekki gert innan tilgreinds tíma, kemur til sviptingar á veiðileyfi auk þess sem greiða þarf gjald vegna hins ólögmæta afla.

8. Víðtækar rannsóknir á áhrifum fiskveiða á vistkerfið

Góð þekking á hafinu umhverfis Ísland og lífríki þess er undirstaða skynsamlegra ákvarðana um fiskveiðar og nýtingu sjávarauðlinda.

Hjá Hafrannsóknastofnuninni eru stundaðar fjölbreyttar og víðtækar rannsóknir á ástandi nytjastofna og langtímarannsóknir á umhverfi og vistfræði hafsins umhverfis landið. Niðurstöður þessara rannsókna eru grundvöllur ráðgjafar um viðhald og veiðipól fiskistofna. Einnig eru þar rannsökuð veiðarfæri og áhrif þeirra á vistkerfið, svo sem áhrif botnvörpu-, línu- neta- og flotvörpuveiða og kjörhæfni veiðarfæra. Rannsóknir á áhrifum veiðarfæra miða að því að geta haldið áhrifum veiðarfæra á vistkerfi sjávar í lágmarki.

9. Sérstakar aðgerðir til verndar smáfiskum og vistkerfi

Til að tryggja vernd smáfiska og búsvæða er gripið til ýmissa sértækra aðgerða, s.s. með reglum um gerð og útbúnað veiðarfæra og lokanir veiðisvæða.

Sérstakar reglur gilda um gerð og útbúnað veiðarfæra í því skyni að koma í veg fyrir skaðlegar veiðar, s.s. veiðar á smáfiski. Af slíkum toga eru t.d. reglur um lágmarksmöskvastærðir og notkun smáfiskaskilja.

Komi í ljós við eftirlit að hlutfall smáfisks í afla eða meðafli sé yfir ákveðnum viðmiðunarmörkum getur Hafrannsóknastofnunin ákveðið skyndilokun á viðkomandi veiðisvæði til skemmri tíma og tekur bann við veiðum þá gildi innan fárra klukkustunda. Ef smáfiskur eða meðafli reynist ítrekað yfir viðmiðunarmörkum er viðkomandi svæði lokað til lengri tíma.

Ýmsar svæðalokanir eru í gildi til lengri tíma og eru ákvarðanir um slíkar langtímalokanir teknar af sjávarútvegsráðuneytinu. Lokanirnar geta átt við um einstök veiðarfæri, stærð veiðiskipa eða bann við veiðum á tilteknum tíma ársins. Tímabundnum lokunum er beitt árlega til að vernda hrygningarslóð þorsks og annarra botnfisktegunda. Einnig getur verið um alfriðun að ræða, s.s. á kóralasvæðum og öðrum viðkvæmum svæðum.

10. Skýrar reglur um ráðstöfun meðafla og brottkast

Skýlt er að hirða og koma með að landi allan afla sem kemur í veiðarfæri fiskiskipa. Óheimilt er að kasta afla fyrir borð og er slíkt athæfi refsivert samkvæmt lögum.

Veiði skip umfram heimildir af einhverri tegund hefur viðkomandi útgerð tækifæri til að útvega sér viðbótar aflaheimild innan tilgreinds tíma eftir löndun. Skipum er heimilt að landa litlu hlutfalli af afla án þess að hafa fyrir því veiðiheimildir. Verðmæti slíks afla rennur í rannsóknasjóð sem ætlaður er til að styrkja sjávarrannsóknir.

Fiskistofa og Hafrannsóknastofnunin rannsaka og meta brottkast afla. Niðurstöður rannsókna hafa sýnt að brottkast frá íslenskum fiskiskipum er óverulegt.

11. Stöðugar umbætur

Löng hefð er fyrir stjórnun fiskveiða á Íslandi og hefur stjórnkerfi fiskveiða verið í mótun um áratuga skeið með það að leiðarljósi að fiskveiðar séu í senn hagkvæmar og sjálfbærar með tilliti til nýtingar og viðhalds auðlinda.

Markvisst er unnið að því að efla vistkerfisnálgun við stjórnun fiskveiða á Íslandi. Vaxandi áhersla er lögð á rannsóknir og þróun aðferða á þessu sviði og veiðiráðgjöf sem tekur tillit til ýmissa samverkandi þátta í vistkerfinu, s.s. samspils tegunda, umhverfisbreytinga og fjölstofnaáhrifa. Jafnframt er lögð áhersla á að efla rannsóknir á áhrifum veiðarfæra á vistkerfið, sér í lagi á hafsbotninn og lífríki hans.

Íslenskur sjávarútvegur og stjórnvöld munu áfram beita sér af krafti fyrir ábyrgri fiskveiðistjórnun og gegn hvers kyns ólöglegum fiskveiðum á alþjóðavettvangi.

Íslendingar hafa metnað til að vera leiðandi í ábyrgri umgengni um auðlindir hafsins. Því er stöðugt unnið að umbótum á stjórnun fiskveiða við Ísland og markvisst unnið að því að efla miðlun upplýsinga um íslenskar fiskveiðar.

Reykjavík, 7. ágúst 2007

Þeir sem standa að þessari yfirlýsingu ábyrgjast að þær upplýsingar sem hér koma fram veita rétta mynd af stjórnun fiskveiða á Íslandi og hvernig með markvissum hætti er unnið að viðhaldi auðlinda hafsins umhverfis Ísland.

Einar K. Guðfinnsson, sjávarútvegsráðherra

Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunarinnar

Þórður Ásgeirsson, Fiskistofustjóri

Pétur Bjarnason, framkvæmdastjóri Fiskifélags Íslands